

# **L-9 Þróunarverkefni**

## **Lestur í Grafarvogi**

**Lokaskýrsla vor 2012 til Sprotasjóðs  
Fyrir styrkveitingu skólaárið 2011- 2012**

## L - 9

Grunnskólarnir í Grafarvogi hafa unnið að þróunarverkefni frá hausti 2009 um sameiginlega lestrarstefnu og stefnumörkun í lestarkennslu fyrir 1.-10. bekk undir stjórn sameiginlegs stýrihóps. Sett voru fram sameiginleg markmið, viðmið um árangur, kennsluaðferðir og skipulag og matstæki og matsaðferðir. Í tengslum við þetta þróunarverkefni settu skólarnir sér sýmenntunaráætlun fyrir kennara um lestur, lestraraðferðir og námsmat í lestri. Sýmenntunin er unninn í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Menntasvið Reykjavíkurborgar.

### **Þáttökuskólar eru:**

Foldaskóli, Hamraskóli, Húsaskóli, Kelduskóli (sameinaður Korpuskóli og Víkurskóli), Rimaskóli, Vættaskóli (sameinaður Borgaskóli og Engjaskóli)

### **Verkefnisstjóri**

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri Kelduskóla tók við af Svanhildi Ólafsdóttur, skólastjóra í Korpuskóla í ágúst 2011.

### **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

- Að efla áhuga og bæta árangur nemenda í lestri og lestrarfærni í 1.-10. bekk
- Að móta og setja upp lestraráætlun í 1.-10. bekk fyrir alla níu grunnskóla Grafarvogs.
- Að setja fram sameiginleg markmið í lestri fyrir 1.-10. bekk
- Að móta gagnabanka með leiðum og námsmati sem skólarnir geta leitað í.
- Að setja fram sameiginlegar hugmyndir um endurmenntun fyrir kennara í 1.-10. bekk hvað varðar lestur og lestraraðferðir
- Að nýta þann mannaúð, þekkingu og reynslu sem skólarnir búa yfir á sviði lestrarkennslu og náms
- Að efla samstarf skólanna í hverfinu

### **Meginmarkmið og viðfangsefni skólaárið 2011 – 2012**

- Að innleiða lestrarstefnuna í öllum þáttökuskólunum
- Að fylgja innleiðingu byrjendalæsis eftir í öllum grunnskólunum.
- Að kennarar í 4. -10. bekk innleiði nýjar kennsluaðferðir í lestri og ritun í takt við verkefnið orð af orði.

### **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum verkefnisins**

Allir skólarnir í borgarhluta 4, þ.e. í Grafarvogi og á Kjalarnesi, tóku þátt í verkefninu. Í hverfinu eru sex heildstæðir grunnskólar. Nemendafjöldi skólanna er um 2.800 og kennarar um 240 þegar allt er talið.

Á fundi skólastjórnenda í hverfinu var skipaður sérstakur stýrihópur sem í sitja: Svanhildur María Ólafsdóttir skólastjóri Korpuskóla, Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri Kelduskóla og Árdís Ívarsdóttir, aðstoðarskólastjóri Vættaskóla. Menntasvið Reykjavíkur veitti verkefninu stuðning með því að leggja til sérstakan verkstefnisstjóra og ráðgjafa sem var Guðrún Edda Bentsdóttir.

Þróunarhópur: Einn kennari úr hverjum skóla hefur leitt og haldið utan um starfið í sínum skóla alls 12 kennarar og stjórnendur.

### **Vinnuferli**

Stýrihópurinn hefur fundað reglulega á skólaárinu. Auk vinnu á milli funda og samráðs við skólastjórnendur í hverfinu sem fundu mánaðarlega. Einnig var stofnaður vinnuhópur á milli funda sem vann drög að lestrarstefnu og stefnumörkun. Í þessum hópi eru fjórir kennarar í vinnu við þróunarverkefnið, þeir hafa fundað reglulega auk þess að kynna lestrarstefnuna og

stefnumörkunina í öllum níu skólum Grafarvogs, tekið saman ábendingar og unnið við frágang bæklingisins sem kom út í september 2011.

Leiðtogar í Byrjendalæsi funda reglulega og fylgja verkefninu eftir í hverjum skóla fyrir sig með því að heimsækja kennslustundir og funda með kennurum á yngsta stigi.

Verkefnisstjóri Árný Inga hefur fundað með verkefnistjórum í Orð af orði þrisvar sinnum á skólaárinu ásamt leiðbeinendum frá HA. Einn verkefnisstjóri er í hverjum skóla fyrir sig sem hefur það hlutaverk að leiða verkefnið áfram og halda utan um kennarahópana sem eru þátttakendur í verkefninu Orði af orði.

Lestrarstefna fyrir grunnskóla Grafarvogs ásamt stefnumörkun í lestri fyrir 1.-10. bekk með markmiðum, leiðum og námsmati var tilbúin í drögum haustið 2010 og voru þau lögð fyrir kennara í skólunum á kynningarfundum þar sem þeir gátu lagt fram álit sitt og umsagnir. Þróunarhópin heldur síðan áfram að vinna með drögin úr umsögnum kennara.

Staðan núna er sú að Lestrarstefnan og stefnumörkunin kom út í sérprentuðum bæklingi í haust. Lestrarstefna hefur verið kynnt og afhent öllum þáttökuskólunum.

Endurmenntun kennara í grunnskólum Grafarvogs hefur miðast við þá áætlun og markmið sem sett voru fyrir skólaárið 2009-10, 2010-11 og 2011-2012. Allir skólarnir nema Hamraskóli eru með sameiginlegt námskeið í Byrjendalæsi fyrir þá kennara sem ekki hafa þegar sótt námskeið í byrjendalæsi.

Á skólaárinu 2011-2012 hafa allir kennarar sem kenna nemendum í 4.-10. bekk sótt námskeið í Orði af orði II að undateknum Hamraskóla sem er að vinna með heildstæða móðurmálskennslu út frá hugmyndum Artleigh Green skólans í Bretlandi.

Námskeiðið í Orð af orði hófst með tveimur námskeiðsdögum 11. og 12. ágúst 2011 einnig voru tveir námskeiðsdagar 12. og 13. janúar. Jafnframt tóku kennarar þátt í sex vinnusmiðjum yfir skólaárið. Leiðbeinendur á námskeiðinu og vinnusmiðjunum voru frá HA þau Guðmundur Engilbertsson og Jenný Gunnbjörnsdóttir.

### **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins.**

Það má segja að helstu hindranir við vinnu verkefnisins séu jafnframt styrkleikar þess. Það hefur gengið hægar en búist var við að vinna að markmiðssetningu í námsframvindu en ætlað var í ritun. Meginástæðan er fjöldi þátttakanda og við þá þarf að hafa viðtækt samráð sem er seinlegt. Þessi góða þátttaka er jafnframt styrkur.

### **Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu.**

Helsti ávinningur verkefnisins er hið faglega og góða samstarf sem skapaðist innan þróunarhópsins og á milli skólanna. Fagleg samræða og þróun sem á eftir að skila sér til framtíðar. Mótuð hefur verið lestrarstefna í hverfinu þar sem koma fram, markmið, leiðir og námsmat í lestri fyrir alla skólana sem hefur verið gefin út og er innleiðing hafin í þáttökuskólunum.

Vonir standa til að stefnan verði sýnileg í starfi skólanna og gott vinnuþagbætur fyrir kennara til vinna með við lestrarkennslu. Lestrarstefnan nýtist í daglegu starfi skólanna.

Innleiðing *Byrjendalæsis* hefur skilað skólunum umtalsverðum árangri í lestrarfærni hjá nemendum á yngsta stigi. Fylgst er markvisst með árangri nemenda í lesskimunum sem eru hluti af þessu verkefni og hafa þær staðfest góðar framfarir hjá nemendum.

Námskeiðið *Orð af orði* var sett upp fyrir kennara skólaárið 2010-11 og 2011 -2012 byggir það á svipuðum grunnhugmyndum og Byrjendalæsið um lestur og lestarkennslu. Með verkefninu er stefnt að því að nemendur styrki lesfærni, lesskilning og réttritun og þjálfist í endurbirtingu eða -byggingu orða, t.d. í ritun á greinandi og skapandi hátt. Orðaforðakennslu er fléttuð inn í aðra kennslu og nemendur læra aðferðir til að beita í vinnu sinni með námsefni. Nemendur læra einnig að nota hugarkort í námi sínu.

#### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

Verkefnið hefur skilað góðum árangri í skólaþróun sem nauðsynlegt er að vinna með áfram og festa í sessi. Stjórnendur skólanna og þróunarhópur telja að með þessu starfi hafi tekist að ná fram flestöllum þeim markmiðum sem sett voru í upphafi verkefnisins. Sett hefur verið fram stefnumótun og lestrarmarkmið fyrir 1.-10. bekk með leiðum og námsmati og endurmenntun kennara hefur verið í samræmi þær áætlanir og markmið sem sett hafa verið. Niðurstöður lesskimana Byrjendalæsis sína að allir skólarnir hafa verið að bæta árangur nemenda sinna í lestri Þá er það samhljóða álit stjórnenda, þróunarhóps og kennara í skólunum að námskeiðin Byrjendalæsi og Orð af orði séu í raun að breyta kennsluháttum á markvissan og skipulagðan hátt. Þar hefur einnig skapast mikil og góð samvinna á milli kennara í þátttökuskólunum þar sem þeir hittast reglulega yfir skólaárið til að segja frá og meta vinnu sína. Skólastjórar í hverfinu hyggjast tryggja að framhald verði á þeirri samvinnu með því að skipuleggja einn sameiginlegan starfsdag á hverju skólaári. Á þeim starfsdögum verða haldin málþing annað hvert ár en fagfundir þess á milli.

Verkefninu verður fylgt eftir af stýrihópi á skólaárinu 2012 -2013 og verður þar lög áhersla á að efla faglegt samstarf kennara um lestur og ritun innan skóla og á milli skóla. Stýrihópur og þróunarhópur munu starfa áfram við það starf og meta framvindu og árangur og leita eftir samstarfi við Skóla og frístundasvið um að taka saman formlegt mat á verkefninu.

#### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Nú þegar hefur verkefnið verið kynnt og unnið innan allra skóla hverfisins, það hefur verið kynnt á skólastjórafundi í Reykjavík og fyrir Skóla og frísstundaráði. Einnig hefur verkefnið fengið viðurkenningu Menntaráðs Reykjavíkurborgar í maí 2011. Lestrar stefnan hefur verið gefin út undir heitinu Lestur í hverfi 4.

**Reykjavík 30.6.2012**

Fyrir hönd grunnskólanna í Grafarvogi og á Kjalarnesi (Hverfi 4)

---

Undirskrift verkefnisstjóra